

AUGLÝSING

um umferð á Dalvík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26, 1958 og að fengnum tilögum hreppsnefndar Dalvíkurhrepps, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Biðskylda verði sett á allar götur, er liggja að Bjarkarbraut, en þær eru þessar: Sognstún, Sunnutún, Stórhólsvegur, Smáravegur, Mímisvegur.
2. Þar sem mætast Bjarkarbraut og Goðabraut, verði sett biðskylda á Goðabraut, sunnan gatnamótanna, þannig að umferð sunnan Goðabrautar víki fyrir umferð úr Bjarkarbraut.
3. Biðskylda verði sett á Hólaveg þar sem hann kemur á Goðabraut.
4. Bannað verði að leggja ökutækjum á Hafnarbraut við Samkomuhús Dalvíkur og við Grundargötu 1.

Umferðarmerki verða sett upp í samræmi við þessa auglýsingu.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, 7. maí 1968.

Ófeigur Eiríksson.

Nr. 100.

16. maí 1968.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 80 23. marz 1966, um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig: Umferðargjald samkvæmt 1. gr. skal innheimt af Vegagerð ríkisins í gjaldstöð nálægt bænum Straumi, sunnan við Hafnarfjörð, af öllum ökutækjum á norðurleið.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist þannig: Undanþegnar greiðslu umferðargjalds eru eftirlitsbifreiðar, svo og þau ökutæki Vegagerðar ríkisins, sem vinna að viðhaldi Reykjanesbrautar, snjómokstri eða saltdreifingu.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 26. maí 1968.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 95. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. maí 1968.

Ingólfur Jónsson.

Bynjólfur Ingólfsson.